

**Fylgirit með frumvarpi til nauðasamnings Teymis hf**

Apríl 2009

Fylgirit þetta með frumvarpi til nauðasamnings Teymis hf. inniheldur ítarefni um stöðu félagsins fyrir og eftir fyrirhugaðan nauðasamning auk umfjöllunar og ítarlegra útskýringa á forsendum og efni nauðasamningsins. Stjórn Teymis hefur fjallað um fylgirit þetta á fundi sínum hinn 17. apríl 2009 og staðfestir samkvæmt bestu vitneskju þær upplýsingar sem hér er að finna. Allar fjárhæðir, sem eru í milljónum króna nema annað sé tekið fram, miðast ýmist við árslok 2008 eða febrúarlok 2009 en munu taka breytingum vegna áhrifa gengis, verðbólgu og vaxta samanber ákvæði í lánasamningum og lagaskilyrði um frestdag.

# 1. Samantekt á starfsemi félagsins

## 1.1. Almennt

Teymi hf. var stofnað hinn 17. nóvember 2006 í kjölfar skiptingar Dagsbrúnar hf., sem var á þeim degi skipt annars vegar í Teymi hf. en hins vegar í 365 hf. Dagsbrún hf. hét áður Og fjarskipti hf. en nafni þess félags var breytt á árinu 2005 í kjölfar samruna Og fjarskipta og Íslenska útvarpsfélagsins. Á árinu 2006 varð Kögun ehf. dótturfélag Dagsbrúnar hf., og náði starfsemi félagsins þá til fjölmiðlareksturs, fjarskipta og upplýsingatækni. Við skiptingu Dagsbrúnar tók Teymi við starfsemi félagsins á sviði fjarskipta og upplýsingatækni, þ.m.t. eignarhaldi á Kögun ehf. Á árinu 2008 voru dótturfélög Kögunar ehf. (EJS ehf., Skýrr ehf. og Eskill ehf.) færð beint undir móðurfélagið Teymi, sem jafnframt tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð gagnvart skuldbindingum Kögunar.

Hlutir í Teymi hf. voru skráðir á Aðallista Kauphallar Íslands hinn 20. nóvember 2006 en afskráðir hinn 3. október 2008. Félagið hefur hins vegar enn aðild að kauphöll vegna skráðra skuldabréfaflokka. Teymi hf. er eignarhaldsfélag á sviði fjarskipta og upplýsingatækni og samanstendur af átta dótturfélögum og einu dótturdótturfélagi. Félagið sjálft er ungt en dótturfélögin eiga sér mörg hver lengri sögu. Samkvæmt samþykktum félagsins er tilgangur þess að ávaxta fé sem hluthafar hafa bundið í starfsemi með rekstri í félaginu og fjárfestingum í dóttur- og hlutdeildarfélögum sem einkum starfa á vettvangi fjarskipta og skyldrar starfsemi, rekstri fasteigna og lánastarfsemi. Skráð hlutafé félagsins er í dag kr. 3.048.937.613 að nafnverði.

Teymissamstæðan skiptist í tvær stoðir, annars vegar fjarskipti og hins vegar upplýsingatækni.

## 1.2. Félög Teymissamstæðunnar.

Í fjarskiptahluta Teymis eru eftirfarandi þrjú félög:

**Og fjarskipti ehf. (Vodafone Ísland)** sem er að fullu í eigu Teymis. Um er að ræða fjarskiptafyrirtæki sem veitir alhliða fjarskiptaþjónustu til einstaklinga og fyrirtækja um land allt. Vodafone veitir talsíma-, farsíma- og gagnaflutningsþjónustu bæði á eigin dreifikerfi og samkvæmt aðgangssamningum við bæði innlenda og erlenda aðila. Þá veitir félagið einnig heilidsöluaðgang að eigin dreifikerfi. Félagið er í samstarfi við Vodafone Group í Evrópu sem felur m.a. í sér að félaginu er heimilt að nota vörumerkið Vodafone við markaðsfærslu á vörum og þjónustu hér á landi. Vodafone á einnig og rekur dreifikerfið Digital Ísland sem er fyrsta starfræna sjónvarpsdreifikerfi landsins.

**P/F Kall (Vodafone Færeyjar)** er dótturfélag Og fjarskipta ehf. Félagið veitir alhliða fjarskiptaþjónustu til einstaklinga og fyrirtækja í Færeyjum. Kall var áður að fullu í eigu Teymis en var gert að dótturfélagi Og fjarskipta ehf. á árinu 2008 til þess að unnt væri að markaðssetja þjónustu fyrirtækisins undir Vodafone vörumerkinu.

**IP fjarskipti ehf. (Tal)** sem Teymi keypti 51% hlutdeild í á vormánuðum 2008. Félagið er afrakstur sameiningar Ódýra símafélagsins ehf. (Sko), sem var áður að fullu í eigu Teymis hf., og IP fjarskipta (Hive). Samkvæmt samningi á Teymi kauprétt að 49% hlut í félaginu í september 2009. Samkeppniseftirlitið samþykkti samrunann með þeim skilyrðum að stjórnunarlegur og fjárhagslegur aðskilnaður milli Vodafone og Tals yrði tryggður. Samruninn girðir hins vegar ekki fyrir samstarf þessara félaga um fjarskiptakerfi, en viðskiptamódel Tals byggist

á því að selja fjarskiptaþjónustu í endursölu en reka ekki eigin kerfi. Félagið hefur gert samninga við Vodafone um heildsöluaðgang að fjarskiptakerfum hins síðarnefnda.

Í upplýsingatæknihluta Teymis eru eftirfarandi sex félög sem öll eru að fullu í eigu Teymis:

**Kögun ehf.** sem sinnir ráðgjöf og rekstri á kerfum sem tengjast samþættingu hugbúnaðarkerfa. Aukin áhersla er nú í félaginu á ráðgjöf og verkefnastjórnun í tengslum við flókin fjármálakerfi. Félagið hefur reynslu við hönnun, smíði og útfærslu á stórum hugbúnaðarkerfum fyrir fyrirtæki og stofnanir, og hefur þróað eigin hópvinnu- og tímaskráningarkerfi, býr yfir sérfræðipækningu á rekstri rauntímakerfa, s.s. kerfiráða og loftvarnarkerfa, og rekur m.a. fjarskiptastöð bandaríska flotans í Grindavík.

**Skýrr ehf.** sem býður upp á þjónustu sem tekur til flestra sviða í upplýsingatækni. Félagið leggur áherslu á rauntímaþjónustu og sólarhringsvakt á öllum mikilvægum kerfum í hýsingarsal sínum, hefur viðskiptavinum af öllum stærðum, bæði úr opinbera- og einkageiranum, sem eru ýmist með starfsemi á Íslandi eða erlendis, sér um rekstur, hýsingu og þróun á mörgum af lykilkerfum hins opinbera. Þá þróar félagið eigin lausnir t.d. í skjalastjórnun, tímaskráningu og sjúkraskrárkerfum og býður lausnir frá viðurkenndum birgjum s.s. Oracle, VeriSign, Business Objects og Microsoft.

**Landsteinar Strengur ehf.** sem varð til við sameiningu Landsteina og Strengs árið 2003. Megináhersla félagsins er á lausnir tengdar Microsoft Dynamics NAV. Einnig sér félagið um rekstur og hýsingu á kerfum viðskiptavina.

**Hugur-Ax ehf.** varð til við sameiningu Hugar hf. og Ax Hugbúnaðarhúss hf. árið 2005. Megináhersla er lögð á lausnir tengdar Microsoft Dynamics AX og býður félagið þar upp á sérlausnir s.s. vöruhúsakerfi, tollakerfi og þráðlausan búnað. Félagið hefur þróað nokkuð úrval eigin lausna á ýmsum sviðum s.s. Bakvörð, OpusAllt, TOK, TOK+ og Alvís. Þá sinnir félagið ráðgjöf og þróun á stjórnendalausnum sem byggja á Cognos hugbúnaði auk þess að þróa lausnir fyrir hraðbanka, sérhæfða gagnagrunna, orkukerfi og tryggingafélög.

**EJS ehf.** er söluaðili á tölvum, útstöðvum, miðlarabúnaði, afgreiðslutækjum og tilheyrandi þjónustu. Félagið er umboðsaðili fyrir þekkt vörumerki á sviði vélbúnaðar s.s. Dell, EMC, Xerox, SUN, Lucent/ALCATEL, Cisco, DeLaRue, Pricer og Q-Matic. Á sviði hugbúnaðar má nefna lausnir frá Microsoft, Citrix, Trend Micro, VM Software o.fl. Félagið rekur eigin hýsingarsal með sólarhringsþjónustu, vöktun og eftirliti. Þá hefur félagið sinnt ráðgjöf og verkefnastjórnun í innleiðingum á innviðum tölvukerfa. Félagið sinnir einnig þjónustu í afgreiðslukerfalausnum og lausnum tengdum fjármálaþjónustu. Félagið er með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Akureyri.

**Eskill ehf.** sem varð til við sameiningu Eskils og Inn árið 2007. Megin áhersla félagsins er annars vegar á veflausnir í eigin kerfi og hins vegar sérsmiði og ráðgjöf í Microsoft tækni. Félagið sinnir forritun innri og ytri vefja fyrirtækja ásamt tengingum yfir í önnur kerfi s.s. vefverslun, gagnagrunna o.fl. Félagið býður einnig ráðgjöf í MS Sharepoint við verkferla, skjalastjórnun, útlit og skipulag.

### 1.3. Lagaumhverfi dótturfyrirtækja

Dótturfyrirtæki Teymis er starfa á sviði fjarskipta eru háð sérlöggjöf um fjarskiptamarkað og lúta eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar. Rekstur dreifikerfa er þannig háður tíðniheimildum útgefnum af stofnuninni og hefur hún

einnig heimild til að setja fjarskiptafyrirtækjum kvaðir teljist þau njóta umtalsverðs markaðsstyrks á tilteknum undirmörkuðum fjarskiptamarkaðar. Einnig eru sérreglur á sviði fjarskipta er lúta að öryggi fjarskiptakerfa og persónuvernd. Þar sem fjarskiptamarkaðurinn ber einkenni fákeppnismarkaðar er einnig nokkuð um afskipti samkeppnisyfirlvalda af starfsemi fjarskiptafyrirtækja. Félagið hefur til skamms tíma sætt rannsókn af hálfu Samkeppniseftirlitsins vegna meints samráðs dótturfélaganna og hugsanlegra brota gegn samrunaákvörðun stofnunarinnar að því er varðar kaup Teymis á IP fjarskiptum. Félagið hefur hafið viðræður við Samkeppniseftirlitið um að ljúka þessu máli með sátt og telur ekki líklegt að það muni hafa frekari áhrif á rekstur dótturfélaga Teymis.

#### 1.4. Starfshættir félagsins

Teymi var skráð á aðallista Kauphallar Íslands fram á haustmánuði 2008 og hafa starfshættir félagsins því tekið mið af þeim reglum sem gilda um félög sem skráð eru á hlutabréfamarkað. Félagið hefur samþykkt starfskjarastefnu og starfrækt starfskjara- og endurskoðunarnefnd. Stjórn félagsins hefur frá upphafi starfað í samræmi við skráðar starfsreglur stjórnar. Fyrir félaginu liggur að samþykkja jafnréttisáætlun í samræmi við tilmæli jafnréttisлага.

## 2. Rekstur Teymis og fjárhagsleg staða félagsins

Í þessum kafla er að finna samantekt á rekstri Teymis síðastliðin tvö ár og greiningu á fjárhagslegri stöðu félagsins þann 28. febrúar 2009 og þann 31. desember 2008 þar sem það á við.

### 2.1. Rekstur og efnahagur Teymis á árinu 2007

Árið 2007 var besta rekstrarár flestra félaga samstæðunnar frá stofnun þeirra. Hagnaður Teymis á árinu 2007 nam 1.354 milljónum króna. Innri vöxtur félagsins var 15,4% til samanburðar við árið 2006 (pro-forma) og námu tekjurnar um 21,5 milljörðum króna. Hagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam 4.009 milljónum króna og eiginfjárlutfall 22,1%. Handbært fé frá rekstri nam 3.258 milljónum króna. Ársreikningur 2007 var áritaður af löggiltum endurskoðendum, KPMG endurskoðun hf., með áritun án fyrirvara.

Í töflunni hér að neðan er að finna samantekt á rekstri félagsins árið 2007 þar sem starfsemi félagsins hefur verið flokkuð í fjarskiptahluta og upplýsingatæknihluta eftir tegund starfsemi dótturfélaganna.

Rekstur 2007	í m.kr.			Teymi samstæða
	Fjarskipti	UT	Jöfnunar-færslur	
- eftir starfspáttum				
Tekjur	12.667	9.754	-873	21.548
EBITDA	3.079	1.173	-243	4.009
Afskriftir				<u>-1.697</u>
EBIT				2.312
Fjármagnsliðir, nettó				-1.192
Tekjuskattur				-259
Hagnaður af sölu aflagðrar starfsemi að frádr. tekjuskatti				<u>493</u>
Afkoma				<u><u>1.354</u></u>

Í töflunni hér að neðan er að finna efnahagsreikning samstæðunnar þann 31.12.2007.

<b>Efnahagsreikningur 31.12.2007</b>	<b>Teymi samstæða</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir	5.200
Óefnislegar eignir	22.158
Aðrir fastafjármunir	<u>1.401</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>28.759</b>
Birgðir	484
Skammtímakröfur	4.748
Handbært fé	<u>3.492</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>8.724</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>37.483</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>8.296</b>
Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir	24.212
Aðrar skammtímaskuldir	<u>4.975</u>
<b>Skuldir samtals</b>	<b>29.187</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>37.483</b>

Nánari upplýsingar er að finna í ársreikningi félagsins sem má finna á heimasíðu félagsins <http://teymi.is/pages/69>.

## 2.2. Rekstur og efnahagur Teymis á árinu 2008

Í kjölfar góðs árs 2007 var lagt af stað inn í árið 2008 með bjartsýni og metnaðarfullar áætlanir lagðar til grundvallar. Árið byrjaði af miklum krafti og niðurstaða fyrsta ársfjórðungs var til samræmis við áætlanir félagsins hvað veltu og EBITDA varðar. Veiking krónunnar hafði umtalsverð áhrif á framlegð í fjarskiptahlutanum og fór áhrifanna að gæta strax í upphafi árs 2008. Almennur samdráttur hafði einnig áhrif á mikilvæga mælikvarða í rekstrinum og fór upplýsingatæknihlutinn að finna fyrir samdrætti og minnkandi framlegð á öðrum ársfjórðungi 2008. Sú þróun hélt svo áfram fram að falli bankanna í lok september og byrjun október s.l., en snörp veiking krónunnar í kjölfarið hafði mikil áhrif á rekstur samstæðunnar. Einnig varð mjög snarpur samdráttur í eftirspurn eftir vöru og þjónustu, sérstaklega í upplýsingatæknihlutanum. Rekstrarerfiðleikar ýmissa stórra viðskiptavina s.s. Landsbankans, Glitnis, Mest, Árdegis, Stoða og Baugs urðu til þess að afskrifa varð kröfur og umsvif drógust saman. Þá hafa vanskil einstaklinga í þjónustu hjá Vodafone Íslandi aukist umtalsvert á undanförunum ársfjórðungum. EBITDA ársins 2008 var 19,5% lægri í krónum talið en árið 2007 (pro-forma).

Snörp veiking íslensku krónunnar árið 2008 og hátt vaxtastig skulda í íslenskum krónum hefur valdið Teymi hf. miklum búsigjum á árinu 2008 og fram til þessa dags. Vaxtaberandi skuldir taldar í íslenskum krónum hafa hækkað um 11 milljarða króna frá ársbyrjun 2008 til febrúarloka 2009 af framangreindum ástæðum án ábyrgðaskuldbindinga.

Aðstæður í efnahagslífinu, dekkri framtíðarhorfur varðandi vöxt og afkomu, hærri ávöxtunarkrafa til eigin fjár og lánsfjár leiddi til þess að viðskiptavild félagsins var færð niður um 10,8 milljarða króna á árinu 2008 í kjölfar virðisrýrnunarprófs á eignarhlutum í dótturfélögum. Í rekstrarreikningi er einnig gjaldfærsla vegna ábyrgða að fjárhæð 7,9 milljarðar króna sem nánari grein verður gerð fyrir í kafla 2.5 hér að neðan.

Ársreikningur 2008 hefur ekki verið áritaður þegar þetta er skrifað og ekki verið samþykktur af stjórn Teymis. Fjárhæðirnar 2008 eru óendurskoðaðar.

Í töflunni hér að neðan er að finna samantekt á rekstri félagsins árið 2008 brotið niður á starfspætti félagsins.

Rekstur 2008	í m.kr.			
	Fjarskipti	UT	Jöfnunar- færslur	Teymi samstæða
- eftir starfspáttum				
Tekjur	13.746	11.393	-479	24.660
EBITDA	2.477	928	-178	3.227
Afskriftir				-2.048
Virðisrýrnun eigna				<u>-10.791</u>
EBIT				-9.612
Fjármagnsliðir, nettó				-15.851
Gjaldfærsla vegna ábyrgða				-7.916
Tekjuskattur				<u>694</u>
Afkoma				<u><b>-32.685</b></u>

Í töflunni hér að neðan er að finna efnahagsreikning samstæðunnar þann 31. desember 2008. Eignarhlutur í Tal er færður meðal annarra fastafjármuna.

<b>Efnahagsreikningur 31.12.2008</b>	Teymi samstæða - óleiðr.
Varanlegir rekstrarfjármunir	6.174
Óefnislegar eignir	11.366
Aðrir fastafjármunir	<u>1.990</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>19.530</b>
Birgðir	481
Skammtímakröfur	4.631
Handbært fé	<u>274</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>5.386</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>24.916</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>-25.112</b>
Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir	36.531
Vaxtaberandi skuldir - ábyrgðir	7.916
Aðrar skammtímaskuldir	<u>5.581</u>
<b>Skuldir samtals</b>	<b>50.028</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>24.916</b>

### 2.3. Rekstur og efnahagur Teymis á árinu 2009

Rekstrarafkoma fyrstu 2ja mánaða ársins 2009 er í samræmi við samþykktu rekstraráætlun stjórnar Teymis frá ársbyrjun 2009. Rekstrartekjur eru lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir en EBITDA afkoma samkvæmt áætlun og er þar helst að þakka þeim hagræðingaraðgerðum sem gripið hefur verið til á undanförunum mánuðum í rekstri samstæðunnar.

Efnahagsreikningur samstæðu Teymis þann 28. febrúar 2009 samkvæmt óendurskoðuðu innanhússuppgjöri er eftirfarandi:

<b>Efnahagsreikningur 28.2.2009</b>	<b>Teymi samstæða - óleiðr.</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir	5.929
Óefnislegar eignir	11.208
Aðrir fastafjármunir	<u>1.823</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>18.960</b>
Birgðir	401
Skammtímakröfur	4.169
Handbært fé	<u>172</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>4.742</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>23.702</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>-23.200</b>
Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir	35.131
Vaxtaberandi skuldir - ábyrgðir	7.274
Aðrar skammtímaskuldir	<u>4.497</u>
<b>Skuldir samtals</b>	<b>46.902</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>23.702</b>

#### 2.4. Greining á kröfuhöfum Teymis þann 28. febrúar 2009

Vaxtaberandi skuldir samstæðunnar greinast á eftirfarandi hátt m.v. lok febrúar 2009 í milljónum króna (áfallnir vextir meðtaldir):

Lánveitendur	Teymi	Vodafone EJS	Skýrr	Kögun	Kall	Samtals	
NBI	5.414	11.101	3.429	4.115		24.059	
Skuldabréfaflokkar	486				5.306	5.792	
Straumur				2.919		2.919	
Íslandsbanki*	829					829	
Stoðir	784					784	
Aðrir		185	60		503	748	
	<u>7.513</u>	<u>11.286</u>	<u>3.489</u>	<u>4.115</u>	<u>8.225</u>	<u>503</u>	<u>35.131</u>
Ábyrgðir:							
NBI v/ Hands holding	4.357					4.357	
Skbr.fl. Íslenskrar Afþreying	2.917					2.917	
	<u>14.787</u>	<u>11.286</u>	<u>3.489</u>	<u>4.115</u>	<u>8.225</u>	<u>503</u>	<u>42.405</u>

\*Um er ræða skuldir TT1 ehf. og TT2 ehf. sem eru að fullu í eigu Teymis hf

## 2.5. Ábyrgðir Teymis þann 28. febrúar 2009

Ábyrgðir Teymis í yfirlitinu hér að framan eru tvenns konar.

Í fyrsta lagi er um að ræða sjálfskuldarábyrgð gagnvart NBI vegna lánasamnings Hands Holding. Skuldin vegna Hands Holding er tilkomin vegna skiptingar Kögunar á árinu 2006 en þá skiptist Kögun hf upp í tvö félög, þ.e. Kögun hf. og Hands Holding ehf. Þessi skipting var vegna skiptingar Dagsbrúnar hf. sem áður er getið um. Við skiptinguna eignaðist Kögun kröfu á Hands Holding. Í upphafi árs 2007 var skuldin gerð upp með lántöku frá NBI hf. og Teymi tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á láninu. Gjalddagi lánsins var í mars 2009 og var Hands Holding ekki í stakk búið til þess að efna þá skuldbindingu. Er því viðbúið að NBI muni láta reyna á ábyrgð Teymis og er hún því færð í efnahagsreikning Teymis í árslok 2008.

Í annan stað er um að ræða ábyrgð in solidum vegna skuldabréfaflokka sem Og fjarskipti hf. gáfu út (síðar Dagsbrún hf.; 365 hf. og nú Íslensk afþreying hf.). Ábyrgðin er tilkomin vegna uppskiptingar á Dagsbrún hf. á árinu 2006 í Teymi hf. annars vegar og 365 hf. hins vegar og er því um hefðbundna skiptingarábyrgð að ræða. Gjalddagi skuldabréfaflokkanna er í janúar 2010. Miðað við síðustu upplýsingar um fjárhag Íslenskrar afþreyingar hf. eru allar líkur á því að reyna muni á ábyrgðina og skuldin því falla á Teymi og er hún því færð í efnahagsreikning Teymis í árslok 2008.

Eftir því sem ábyrgðir falla á félagið mun félagið eignast sambærilega kröfu á viðkomandi félög. Í áætlunum félagsins er hins vegar ekki gert ráð fyrir að félagið fái neinar efndir slíkra krafna.

## 2.5. Fjárhagsleg staða Teymis þann 28. febrúar 2009

Miðað við 28. febrúar 2009 námu vaxtaberandi skuldir og ábyrgðir Teymis og dótturfélaga rúmlega 42,4 milljörðum króna. Miðað við áætlaða EBITDA samstæðunnar upp á 2.939 m.kr. fyrir árið 2009 eru vaxtaberandi skuldir á móti áætlaðri EBITDA 14,4x samanber efnahagsreikning hér að framan. Vegnir meðalvextir af vaxtaberandi skuldum liggja í kringum 11,5% þann 28. febrúar, m.v. núverandi vaxtakjör lána og nemur því árlegur vaxtakostnaður félagsins miðað við óbreytta stöðu um 4 milljörðum króna, án verðbóta og gengismunar, áður en tekið er tillit til vaxtakostnaðar vegna ábyrgða. Með ábyrgðum má áætla að vaxtakostnaður félagsins sé í kringum 4,9 milljarða króna án verðbóta og gengismunar. Það er því ljóst að undirliggjandi rekstur Teymis (EBITDA) stendur ekki undir vaxtabyrði félagsins þrátt fyrir að ekki sé tekið tillit til fjárfestingaþarfar rekstrarins.

Samkvæmt efnahagsreikningi þann 31. desember 2008 var eigið fé neikvætt um rúmlega 25 milljarða króna að teknu tilliti til gjaldfærðra ábyrgða og gjaldfærðrar virðisrýrnunar vegna viðskiptavildar. Vaxtaberandi skuldir námu um 37 milljörðum án ábyrgða (35 milljarðar í lok febrúar 2009). Það er því orðið ljóst að rekstur félagsins getur ekki haldið áfram í óbreyttri mynd þar sem vaxta- og afborgunarbyrði félagsins er því ofviða.

Félagið stóð í skilum með allar vaxtaberandi skuldbindingar sínar fram í desember 2008 og greiddi umsamdar greiðslur vegna vaxta og afborgana. Frá desember 2008 hefur félagið reitt sig á gjaldfresti og fengið frystingu á vexti og afborganir hjá stærstu lánveitendum samstæðunnar þ.e. NBI hf., Íslandsbanka hf. og Straumi fjárfestingarbanka hf. Félagið hefur staðið að fullu við afborganir og vexti af skráðum skuldabréfaflokkum en greiðslur vegna þeirra áttu sér stað í október 2008, desember 2008 og nú síðast í byrjun febrúar 2009.

Eins og kemur fram hér að framan er nafnvaxtakostnaður félagsins um 4,9 milljarðar á ári og rekstarumhverfi félagsins hefur versnað á síðustu mánuðum í kjölfar bankahrunsins og almenns efnahagssamdráttar. Það er því ljóst að undirliggjandi rekstur félagsins stendur ekki undir núverandi skuldsetningu þess.

Félagið er því knúið til að leita nauðasamninga við kröfuhafa sína eða óska ella eftir gjaldþrotaskiptum á félaginu.

### 3. Efni og áhrif nauðasamnings Teymis hf.

#### 3.1 Um bakgrunn nauðasamningsins

Eins og rakið er að framan glímdi Teymi hf. við alvarlegan rekstrarvanda á síðastliðnu ári einkum vegna of mikillar skuldsetningar og óhagstæðrar þróunar á gengi íslensku krónunnar. Þessu til viðbótar kom til veruleg niðurfærsla á viðskiptavild félagsins í kjölfar virðisrýrnunarprófa með tilheyrandi áhrifum á eigið fé félagsins. Þessar kringumstæður leiddu til þess að stjórnendur félagsins hófu síðastliðið haust að leita leiða til að koma á nýrri skipan á fjárhag félagsins, m.a. með því að kanna möguleika á sölu eigna.

Átti félagið á seinni hluta síðasta árs í viðræðum við áhugasaman erlendan aðila um hugsanlega sölu á öllu hlutafé í Og fjarskiptum ehf. Var ötullega unnið að framgangi þeirra viðskipta af hálfu félagsins og hins erlenda aðila, en í lok janúar 2009 kom hins vegar í ljós að verðhugmyndir þær sem aðilar höfðu voru of ólíkar til þess að af viðskiptunum gæti orðið. Í kjölfarið lagði félagið til hliðar frekari áform um eignasölu og hóf undirbúning að því að leita nauðasamnings við kröfuhafa sína.

Það frumvarp að nauðasamningi sem nú liggur fyrir hefur verið unnið í samvinnu við helstu kröfuhafa Teymissamstæðnnar, þ.e. NBI hf., Íslandsbanka hf. og Straum Fjárfestingabanka hf. Hafa þessir aðilar á undanförunum vikum og mánuðum jafnframt veitt Teymi gjaldfrest á greiðslum af skuldbindingum félagsins gagnvart þeim sem gjaldfallið hafa, gagnert í því skyni að veita félaginu ráðrúm til að móta hugmyndir að nýrri skipan fjármála þess.

#### 3.2 Efni nauðasamnings Teymis hf.

Meginefni þess frumvarps að nauðasamningi sem nú liggur fyrir felur í reynd í sér fjórbættar ráðstafanir:

1. Óveðtryggðum skuldum Teymis hf. verði breytt í hlutafé í félaginu
2. Skuldbindingar dótturfélaga, sem eru með ábyrgð móðurfélags, verði færðar til móðurfélags.
3. Kröfur á dótturfélög sem njóta veðtryggingar verði að hluta færðar upp til móðurfélags og fjárhæðir slíkra krafna stilltar af m.v. skuldaþol/ greiðslugetu og þeim skilmálabreytt.
4. Skuldbindingar milli félaga innan samstæðunnar verði gerðar upp.

Er hverju og einu þessara skrefa lýst nánar hér á eftir.

#### Meðferð óveðtryggðra skuldbindinga Teymis hf. og skuldskeyting skulda dótturfélaga

Þau drög að nauðasamningi sem Teymi hf. óskar samþykkis fyrir felur í fyrsta lagi í sér að kröfum allra almennra kröfuhafa Teymis hf., þ.e. kröfum sem ekki er veðtrygging fyrir í eignum félagsins, verður breytt í hlutafé í félaginu.

Í annan stað verður óveðtryggðum kröfum á hendur dótturfélögum Teymis hf., sem þó njóta sjálfskuldarábyrgðar móðurfélagsins, skuldskeytt til móðurfélagsins á þann veg að það félag verður eftirleiðis eini

skuldari umræddra krafna. Munu þessar kröfur í kjölfarið falla undir nauðasamninginn og fer með þær eins og aðrar óveðtryggðar kröfur Teymis hf.

Sú skuldskeyting sem hér um ræðir verður framkvæmd með frjálsum samningum við viðkomandi kröfuhafa, þ.e. NBI hf., Íslandsbanka hf. og Straum Fjárfestingabanka hf. Þó ber að geta þess, að eitt dótturfélaga Teymis hf., Kögun ehf., er útgefandi að skuldabréfaflokki sem skráður er á Nasdaq OMX Nordic kauphöll í Reykjavík. Kögun ehf. á kröfu á Teymi hf. sem samsvarar skilmálum framangreindra skuldabréfa. Kögun ehf. mun því leita samþykkis eigenda þeirra skuldabréfa fyrir skuldskeytingu með frjálsum nauðasamningi og eru þær viðræður þegar hafnar. Allar skuldskeytingar úr dótturfélögum Teymis hf. upp til móðurfélagsins munu verða háðar því skilyrði að þær komi því aðeins til framkvæmda að nauðasamningsfrumvarp Teymis hf. hljóti samþykki kröfuhafa og staðfestingu dómstóla.

Þær óveðtryggðu kröfur sem munu falla hér undir nema 30,9 milljörðum króna m.v. árslok 2008, að ábyrgðum meðtöldum.

#### **Meðferð veðtryggðra skuldbindinga Teymis hf og dótturfélaga – Áframhaldandi skuldsetning rekstrar**

Frumvarpið felur í annan stað í sér, að þeim skuldbindingum dótturfyrirtækja Teymis hf. sem njóta ábyrgðar móðurfélagsins (aðrar en skuldbindingar Og fjarskipta ehf., sbr. þó að neðan) og móðurfélagið hefur veitt tryggingar fyrir með veðum í hlutafé eða rekstrarfjármunum dótturfélaganna, verður skuldskeytt á þann veg að skuldbindingarnar teljast eftirleiðis einungis vera skuldbindingar Teymis hf., en ekki dótturfélaganna. Munu kröfur þessar hins vegar njóta óbreyttra veðtrygginga.

Jafnframt verður fjárhæð hinna veðtryggðu skuldbindinga færð niður á þann veg að einungis munu standa eftir skuldir sem svara til hóflegs skuldaþols dótturfélaganna. Á þetta einnig við um skuldbindingar Og fjarskipta ehf. Þær skuldir sem eru umfram það skuldaþol munu eftirleiðis teljast almennar kröfur og um þær fer með sama hætti og aðrar slíkar. Í tilfalli Og fjarskipta mun þeim skuldum sem eru umfram skuldaþoli félagsins verða skuldskeytt upp til móðurfélagsins og þær sæta þar sömu meðferð og aðrar almennar kröfur.

Loks mun eftirstæðum veðkröfum verða skilmálabreytt og um þær gerðir nýir lánasamningar. Í því sambandi verða allar eftirstæðar og veðtryggðar skuldbindingar við hina veðtryggðu kröfuhafa sameinaðar í eitt sambankalán, sem mun njóta sömu veðtrygginga og kröfurnar nutu áður, að því frátöldu að allar krossábyrgðir félaga innan Teymissamstæðunnar verða aflagðar. Í tilfalli Og fjarskipta ehf. mun þó eftirstæð skuld sem fyrir segir verða áfram skuld þess félags, en ekki skuld Teymis. Teymi hf. mun hins vegar eftir sem áður bera sjálfskuldarábyrgð á hinum veðtryggðu skuldbindingum Og fjarskipta ehf. Að öðru leyti fer um skuldbindingar þess félags sem að ofan segir.

Um nánari framkvæmd þessarar aðgerðar og hina nýju skilmála veðlána til Teymissamstæðunnar vísast til umfjöllunar undir tl. 3.4. hér á eftir

Rétt er að vekja sérstaka athygli á því, að veðhafar munu við þessar ráðstafanir nýta þau veð sem þeir þegar eiga, en Teymissamstæðan mun ekki setja nein ný veð fyrir skuldbindingum sínum í tengslum við nauðasamninginn, að öðru leyti en því að félagið mun í samstarfi við kröfuhafa uppfæra veðréttindi þeirra tengt í hlutafé dótturfélaga. Þau veð sem munu þannig standa til tryggingar skuldum Teymissamstæðunnar eftir nauðasamninginn eru eftirfarandi:

## Yfirlit veða veðhafa

Fyrirtæki	Veð í hlutafé	Veð í kröfum og birgðum	Veð í fasta-fjármunum
Teymi			
Og fjarskipti	X	X	X
IP fjarskipti			
Kall	X		
EJS	X	X	
Kögun	X		
Eskill	X		
Skýrr	X	X	
Hugur-Ax	X	X	
Landsteinar	X	X	

Byggt á tryggingafjárhæðum viðkomandi veðsamninga, sem og verðmati Teymis hf. á hinum veðsettu réttindum, er það mat félagsins að verðmæti veðanna sé hærra en fjárhæð þeirra skuldbindinga sem þeim er ætlað að tryggja í kjölfar nauðasamningsins.

### Uppgjör krafna innan samstæðu

Nauðasamningurinn felur að síðustu í sér, að Teymi hf. mun, sem eini hluthafinn í dótturfélögum sínum, hlutast til um, að allar vaxtaberandi kröfur og skuldir móðurfélagsins gagnvart dótturfélögum verða færðar til hækkunar eða lækkunar á eigin fé viðkomandi félags.

Þær vaxtaberandi kröfur og skuldir sem hér um ræðir eru tvíþættar: Annars vegar er um að ræða kröfur vegna svokallaðs innanhússbanka (sjóðspotts) og hins vegar aðrar vaxtaberandi kröfur og skuldir.

Frá stofnun Teymis hefur verið starfræktur innanhússbanki (s.k. sjóðspottur). Tilgangur hans hefur verið að hámarka ávöxtun lausafjár sem myndast innan samstæðunnar og tryggja aðgengi dótturfélaga að ódýrara lánsfé en býðst hjá viðskiptabönkunum. Hefur þetta leitt til þess að sum dótturfélaganna eiga verulegar kröfur á hendur móðurfélaginu vegna lánveitinga inn í umræddan sjóðspott, meðan önnur félög, þar með talið Teymi sjálf standa í skuld við hann. Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir er vísað í þennan sjóðspott og útskýrt hvernig stöður í honum verða gerðar upp í kjölfar nauðasamningsins.

Aðrar vaxtaberandi kröfur/skuldir innan samstæðunnar eru tilkomnar vegna þess að í árslok 2006 tóku flest dótturfélaga Teymis fjármuni að láni hjá lánardrottnum samstæðunnar gagnert í því skyni að lána þá áfram til móðurfélagsins í því skyni að nota mætti fjármuni samstæðunnar til þess að styrkja rekstur hennar enn fremur, m.a. með nýfjárfestingum. Varð þetta til þess að kröfur mynduðust á móðurfélagið hjá dótturfélögum. Í kjölfar þessa kom á daginn, að þær skuldir sem hvíldu á EJS og Skýrr voru hærra en talið var líklegt að félögum tækist að þjónusta og voru þær af þeim sökum færðar yfir á Og fjarskipti í gegnum móðurfélagið. Þessar innbyrðis kröfur/skuldir hafa síðan hækkað vegna þróunar á gengi, vísitölu neysluverðs og áfallinna vaxta. Í umfjölluninni hér á eftir er skuld/krafa vegna sjóðspotts sérgreind í hverju félagi í óleiðréttum efnahagsreikningi en aðrar vaxtaberandi kröfur/skuldir nettaðar saman og sýndar sem ein fjárhæð í óleiðréttum efnahagsreikningi.

### Efnahagsreikningur Teymis hf. (samstæðureikningur) eftir nauðasamning

Samandregið hafa skrefin hér að framan eftirfarandi áhrif á efnahagsreikning samstæðu Teymis hf. miðað við 31. desember 2008. Það skal sérstaklega tekið fram að fjárhæðir miðast við árslok 2008 en ekki febrúarlok 2009.

<b>Efnahagsreikningur 31.12.2008</b>	Teymi samstæða - óleiðr.	Samstæða leiðréttingar	Jöfnunar- færslur e.leiðr.	Teymi samstæða leiðrétt
Varanlegir rekstrarfjármunir	6.174	0	0	6.174
Óefnislegar eignir	11.366	0	0	11.366
Aðrir fastafjármunir	1.990	8.178	-8.178	1.990
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>19.530</b>	<b>8.178</b>	<b>-8.178</b>	<b>19.530</b>
Birgðir	481	0	0	481
Skammtímakröfur	4.631	0	0	4.631
Handbært fé	274	0	0	274
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>5.386</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>5.386</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>24.916</b>	<b>8.178</b>	<b>-8.178</b>	<b>24.916</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>-25.112</b>	<b>39.061</b>	<b>-8.178</b>	<b>5.771</b>
Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir	36.531	-22.934	0	13.597
Vaxtaberandi skuldir - ábyrgðir	7.916	-7.916	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	5.581	-33	0	5.548
<b>Skuldir samtals</b>	<b>50.028</b>	<b>-30.883</b>	<b>0</b>	<b>19.145</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>24.916</b>	<b>8.178</b>	<b>-8.178</b>	<b>24.916</b>

Eins og ráða má af ofangreindu, þá hefur nauðasamningurinn þau megináhrif á efnahagsreikning samstæðunnar, að vaxtaberandi kröfum á hendur félaginu að fjárhæð 30.883 m.kr. hefur verið breytt í hlutafé í Teymi hf.

Í því sem á eftir fer er gerð ítarleg grein fyrir hverju þeirra skrefi og áhrifum þess á efnahagsreikning Teymissamstæðunnar og efnahagsreikninga einstakra félaga innan hennar. Miðast lýsingin við efnahagsreikninga félaganna 31. desember 2008.

### 3.3 Framkvæmd og áhrif nauðasamningsins á efnahagsreikninga einstakra félaga innan Teymissamstæðunnar:

#### Og fjarskipti ehf. (Vodafone)

<b>Efnahagsreikningur 31.12.2008</b>	Vodafone Ísland	Leiðr.	Vodafone Ísl. leiðrétt
Varanlegir rekstrarfjármunir	4.799	0	4.799
Óefnislegar eignir	6.520	0	6.520
Aðrir fastafjármunir	1.310	0	1.310
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>12.630</b>	<b>0</b>	<b>12.630</b>
Birgðir	104	0	104
Skammtímakröfur	2.665	0	2.665
Handbært fé	86	0	86
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>2.856</b>	<b>0</b>	<b>2.856</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>15.486</b>	<b>0</b>	<b>15.486</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>-1.210</b>	<b>4.525</b>	<b>3.315</b>
Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir	12.034	-2.849	9.185
Vaxtaberandi skuld (-krafa) innan samstæðu	786	-786	0
Sjóðspottur skuld (-krafa) innan samstæðu	890	-890	0
Aðrar skammtímaskuldir	2.986	0	2.986
<b>Skuldir samtals</b>	<b>16.696</b>	<b>-4.525</b>	<b>12.171</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>15.486</b>	<b>0</b>	<b>15.486</b>

Rétt er að hafa í huga, að hér er um að ræða efnahagsreikning Og fjarskipta ehf. en ekki samstæðureikning þess félags, með dótturfélaginu, Kall í Færeyjum, inniföldu.

Langtímaskuldir við móðurfélag (4.694 m.kr.) og langtímakröfur á móðurfélag (3.907 m.kr) eru nettaðar og gerðar upp með umbreytingu í hlutafé að fjárhæð 786 m.kr. Þá er skuld vegna sjóðspotts umbreytt í hlutafé að fjárhæð 890 m.kr. Loks er skuld við NBI hf., að fjárhæð 2.849 m.kr. færð upp í móðurfélag og hlutafé hækkað samhliða um sömu fjárhæð með umbreytingu skuldar við móðurfélag sem verður til við tilfærslu skuldafjárhæðar til móðurfélags. Heildaráhrif þessa verða þau að hlutafé Og fjarskipta hækkar um 4.525 m.kr. og eigið fé félagsins verður jákvætt um ríflega 3.315 m.kr.

Kögun ehf.

<b>Efnahagsreikningur 31.12.2008</b>	Kögun	Leiðr.	Kögun leiðr.
Varanlegir rekstrarfjármunir	1	0	1
Óefnislegar eignir	805	0	805
Aðrir fastafjármunir	101	0	101
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>908</b>	<b>0</b>	<b>908</b>
Birgðir	0	0	0
Skammtímakröfur	159	0	159
Handbært fé	21	0	21
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>180</b>	<b>0</b>	<b>180</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>1.087</b>	<b>0</b>	<b>1.087</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>-2.150</b>	<b>3.173</b>	<b>1.023</b>
Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir	8.450	-8.450	0
Vaxtaberandi skuld (-krafa) innan samstæðu	-4.697	4.639	-58
Sjóðspottur skuld (-krafa) innan samstæðu	-638	638	0
Aðrar skammtímaskuldir	122	0	122
<b>Skuldir samtals</b>	<b>3.237</b>	<b>-3.173</b>	<b>64</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>1.087</b>	<b>0</b>	<b>1.087</b>

Eins og sjá má, eru langtímaskuldir við móðurfélag (508 m.kr.) og langtímakröfur á móðurfélag (5.147 m.kr.) nettaðar og mismunurinn gerður upp með lækkun hlutfjár Kögunar um 4.639 m.kr. Þá er hlutfé lækkað enn frekar um 638 m.kr. til að gera upp kröfu á móðurfélag vegna sjóðspotts. Með því lýkur uppgjöri krafna innan samstæðu.

Þá eru skuldir við Straum fjárfestingabanka hf., að fjárhæð 3.303 m.kr, sem og skuld vegna skuldabréfaflokka að fjárhæð 5.147 m.kr. færðar upp í móðurfélag og hlutfé loks hækkað samhliða um sömu fjárhæð. Er það gert með umbreytingu skuldar við móðurfélag sem verður til við tilfærslu skuldafjárhæðar til móðurfélags í hlutfé. Skuld við Straum fjárfestingabanka er með sjálfskuldarábyrgð móðurfélagsins og skuldir vegna skuldabréfaflokka eru með óbeinni ábyrgð móðurfélagsins, þar sem vaxtaberandi krafa er á móti skuldinni.

## EJS ehf

<b>Efnahagsreikningur 31.12.2008</b>	<b>EJS</b>	<b>Leiðr.</b>	<b>EJS leiðr.</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir	131	0	131
Óefnislegar eignir	18	0	18
Aðrir fastafjármunir	80	0	80
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>229</b>	<b>0</b>	<b>229</b>
Birgðir	326	0	326
Skammtímakröfur	618	0	618
Handbært fé	2	0	2
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>946</b>	<b>0</b>	<b>946</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>1.175</b>	<b>0</b>	<b>1.175</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>-477</b>	<b>803</b>	<b>326</b>
Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir	3.403	-3.343	60
Vaxtaberandi skuld (-krafa) innan samstæðu	-2.710	2.768	58
Sjóðspottur skuld (-krafa) innan samstæðu	228	-228	0
Aðrar skammtímaskuldir	732	0	732
<b>Skuldir samtals</b>	<b>1.652</b>	<b>-803</b>	<b>849</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>1.175</b>	<b>0</b>	<b>1.175</b>

Í tilfalli EJS er krafa á móðurfélag gerð upp með því að hlutafé félagsins er lækkað um 2.768 m.kr. Þá er skuld vegna sjóðspotts umbreytt í hlutafé að fjárhæð 228 m.kr. Loks er skuld við NBI hf., að fjárhæð 3.343 m.kr. færð upp til móðurfélags og hlutafé hækkað samhliða um sömu fjárhæð með umbreytingu skuldar við móðurfélag sem verður til við tilfærslu skuldafjárhæðar til móðurfélags.

## Skýrr ehf

<b>Efnahagsreikningur 31.12.2008</b>	<b>Skýrr</b>	<b>Leiðr.</b>	<b>Skýrr leiðr.</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir	327	0	327
Óefnislegar eignir	163	0	163
Aðrir fastafjármunir	-5	0	-5
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>485</b>	<b>0</b>	<b>485</b>
Birgðir	0	0	0
Skammtímakröfur	414	0	414
Handbært fé	54	0	54
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>469</b>	<b>0</b>	<b>469</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>954</b>	<b>0</b>	<b>954</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>585</b>	<b>-229</b>	<b>356</b>
Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir	3.999	-3.999	0
Vaxtaberandi skuld (-krafa) innan samstæðu	-4.038	4.038	0
Sjóðspottur skuld (-krafa) innan samstæðu	-290	190	-100
Aðrar skammtímaskuldir	698	0	698
<b>Skuldir samtals</b>	<b>369</b>	<b>229</b>	<b>598</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>954</b>	<b>0</b>	<b>954</b>

Hvað snertir Skýrr ehf., þá er krafa félagsins á Teymi hf., 4.038 m.kr., gerð upp með lækkun hlutafjár. Þá er hlutafé lækkað um 190 m.kr. til þess að greiða inná kröfu vegna sjóðspotts. Loks er skuld við NBI hf., að fjárhæð

3.999 m.kr. færð upp í móðurfélag og hlutafé hækkað samhliða um sömu fjárhæð með umbreytingu skuldar við móðurfélag sem verður til við tilfærslu skuldafjárhæðar til móðurfélags.

## Eskill ehf

<b>Efnahagsreikningur 31.12.2008</b>	<b>Eskill</b>	<b>Leiðr.</b>	<b>Eskill leiðr.</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir	2	0	2
Óefnislegar eignir	16	0	16
Aðrir fastafjármunir	0	0	0
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>18</b>	<b>0</b>	<b>18</b>
Birgðir	0	0	0
Skammtímakröfur	42	0	42
Handbært fé	0	0	0
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>42</b>	<b>0</b>	<b>42</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>61</b>	<b>0</b>	<b>61</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>242</b>	<b>-200</b>	<b>42</b>
Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir	0	0	0
Vaxtaberandi skuld (-krafa) innan samstæðu	0	0	0
Sjóðspottur skuld (-krafa) innan samstæðu	-239	200	-39
Aðrar skammtímaskuldir	58	0	58
<b>Skuldir samtals</b>	<b>-181</b>	<b>200</b>	<b>19</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>61</b>	<b>0</b>	<b>61</b>

Krafa vegna sjóðspotts er lækkuð um 200 m.kr. og hlutafé er lækkað samsvarandi.

## HugurAx

<b>Efnahagsreikningur 31.12.2008</b>	<b>HugurAx</b>	<b>Leiðr.</b>	<b>HugurAx leiðr.</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir	43	0	43
Óefnislegar eignir	82	0	82
Aðrir fastafjármunir	40	0	40
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>165</b>	<b>0</b>	<b>165</b>
Birgðir	12	0	12
Skammtímakröfur	250	0	250
Handbært fé	28	0	28
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>290</b>	<b>0</b>	<b>290</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>455</b>	<b>0</b>	<b>455</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>-16</b>	<b>213</b>	<b>197</b>
Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir	0	0	0
Vaxtaberandi skuld (-krafa) innan samstæðu	415	-415	0
Sjóðspottur skuld (-krafa) innan samstæðu	-202	202	0
Aðrar skammtímaskuldir	258	0	258
<b>Skuldir samtals</b>	<b>470</b>	<b>-213</b>	<b>258</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>455</b>	<b>0</b>	<b>455</b>

Krafa á móðurfélag (300 m.kr.) og skuld við móðurfélag (715 m.kr.) eru nettaðar og er mismunurinn gerður upp með því að hlutafé félagsins er hækkað um 415 m.kr. Jafnframt er hlutafé lækkað um 202 m.kr. til þess að gera upp kröfu á móðurfélag vegna sjóðspotts.

### Landsteinar Strengur

<b>Efnahagsreikningur 31.12.2008</b>	LAST	Leiðr.	LAST leiðr.
Varanlegir rekstrarfjármunir	0	0	0
Óefnislegar eignir	0	0	0
Aðrir fastafjármunir	12	0	12
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>12</b>	<b>0</b>	<b>12</b>
Birgðir	0	0	0
Skammtímakröfur	238	0	238
Handbært fé	32	0	32
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>269</b>	<b>0</b>	<b>269</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>281</b>	<b>0</b>	<b>281</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>242</b>	<b>-107</b>	<b>135</b>
Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir	0	0	0
Vaxtaberandi skuld (-krafa) innan samstæðu	287	-287	0
Sjóðspottur skuld (-krafa) innan samstæðu	-394	394	0
Aðrar skammtímaskuldir	147	0	147
<b>Skuldir samtals</b>	<b>40</b>	<b>107</b>	<b>147</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>281</b>	<b>0</b>	<b>281</b>

Krafa á móðurfélag (81 m.kr.) og skuld við móðurfélag (368 m.kr.) eru nettaðar og gerðar upp með því að hlutafé félagsins er hækkað um 287 m.kr. Þá er hlutafé félagsins lækkað um 394 m.kr. til þess að gera upp kröfu á móðurfélag vegna sjóðspotts.

Teymi hf.

<b>Efnahagsreikningur 31.12.2008</b>	<b>Móðurfél.</b>	<b>Leiðr.</b>	<b>Móðurfél. leiðr.</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir	87	0	87
Óefnislegar eignir	22	0	22
Aðrir fastafjármunir	1.604	8.178	9.782
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>1.714</b>	<b>8.178</b>	<b>9.892</b>
Birgðir	0	0	0
Skammtímakröfur	16	0	16
Handbært fé	49	0	49
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>66</b>	<b>0</b>	<b>66</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>1.779</b>	<b>8.178</b>	<b>9.958</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>-25.116</b>	<b>30.883</b>	<b>5.767</b>
Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir	8.175	-4.326	3.849
Vaxtaberandi skuldir - ábyrgðir	7.916	-7.916	0
Vaxtaberandi skuld (-krafa) innan samstæðu	9.957	-9.957	0
Sjóðspottur skuld (-krafa) innan samstæðu	645	-506	139
Aðrar skammtímaskuldir	203	0	203
<b>Skuldir samtals</b>	<b>26.896</b>	<b>-22.705</b>	<b>4.191</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>1.779</b>	<b>8.178</b>	<b>9.958</b>

Samtals nemur hlutfjárukning móðurfélags í dótturfélögum 8.178 m.kr. Kröfur á dótturfélög sem gerðar eru upp í þessu samhengi nema samtals 6.284 m.kr. og skuldir (aðrar en vegna sjóðspotts) sem gerðar eru upp nema 16.241 m.kr. Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir og skuldabréfaflokkar lækka um 12.242 m.kr. í móðurfélagi og hlutfjárhækkun nemur 30.883 m.kr.

Eftirfarandi tafla gefur samantekt yfir áhrif nauðasamningsins á hlutfé dótturfélaga Teymis hf.:

Uppgjör krafna og skulda innan samstæðu og hlutfjárukning í móðurfélagi:						
	Krafa á dótturfélag	Skuld við dótturfélag	Nettó staða gerð upp	Sjóðspottur gerður upp	Hækkun (lækkun) hlutfjár	Samtals
Vodafone Ísl.	4.693	3.907	-786	-890	4.525	2.849
Kögun	508	5.147	4.639	638	3.173	8.450
EJS	0	2.768	2.768	-228	803	3.343
Skýrr	0	4.038	4.038	190	-229	3.999
Eskill	0	0	0	200	-200	0
HugurAx	715	300	-415	202	213	0
Landsteinar	368	81	-287	395	-107	1
	<b>6.284</b>	<b>16.241</b>	<b>9.957</b>	<b>506</b>	<b>8.178</b>	<b>18.641</b>
						<b>Langtímaskuldum Teymis breytt í hlutfé</b>
						<b>12.242</b>
						<b>Hlutfjárukning í móðurfélagi</b>
						<b>30.883</b>

### 3.4 Um skuldsetningu Teymissamstæðunnar eftir nauðasamning – skilmálar fjármögnunar.

Í kjölfar nauðasamnings mun rekstur Teymissamstæðunnar verða skuldsettur í samræmi við endurgreiðslugetu hennar. Vaxtaberandi skuldir verða tryggðar með veðum þeim sem fjallað er um hér að framan. Lagt er til að vaxtaberandi skuldir samstæðunnar nemi 13,6 milljörðum króna í kjölfar nauðasamnings, en mismun núverandi vaxtaberandi skulda og 13,6 milljarða króna verði breytt í hlutfé. Um er að ræða 30,9 milljarða króna m.v. lok árslok 2008, þegar tekið hefur verið tillit til ábyrgða.<sup>1</sup>

Við ákvörðun skuldaþols (vaxtaberandi skuldir / áætluð EBITDA 2009) var litið til þess hversu mikið samstæðan gæti borið af vaxtaberandi skuldum. Í tilviki Og fjarskipta var gengið út frá skuldaþolinu 4,3x en 4,75x í tilviki upplýsingatæknifélaganna (UT) (Skýrr, Kögunar, EJS, HugarAx, Landsteina Strengs og Eskils). Ástæða þess að skuldaþol var ákvarðað lægra hjá Og fjarskiptum en hjá öðrum dótturfélögum Teymis hf., er sú að fjárfestingarþörf fjarskiptafélaga er almennt meiri en annars konar upplýsingatæknifélaga. Miðað við áætlaða EBITDA upp á 2.939 m.kr. fyrir árið 2009 er skuldaþol samstæðunnar um það bil 4,6. Að gefnum þessum forsendum greinast eftirstæðar skuldir samstæðunnar á eftirfarandi hátt:

	NBI	Straumur	ÍSB	Aðrir	Samtals
<b>Vaxtaberandi skuldir verða:</b>					
Vodafone	9.000				9.000
Teymi v/ Skýrr	1.957				1.957
Teymi v/ Kögun		684			684
Teymi v/ Eskill			238		238
Teymi v/ EJS	48				48
Teymi v/ Hugar AX	675				675
Teymi v/ Landsteinar Strengur	247				247
Aðrar vaxtaberandi skuldir				748	748
	<b>11.927</b>	<b>684</b>	<b>238</b>	<b>748</b>	<b>13.597</b>

Krafa NBI á Og fjarskipti ehf. mun hvíla á félaginu sjálfu svo sem fyrr segir. Kröfum NBI, Straums og Íslandsbanka, samtals að fjárhæð 3.849 m.kr. verður hins vegar aflétt af upplýsingatæknifélagunum og þær yfirfærast yfir á móðurfélagið Teymi hf. sem verður skuldari í stað dótturfélaganna áður. Við það einfaldast fjármagnsskipan samstæðunnar til mikilla muna sbr. umfjöllun hér að framan.

Í ljósi þess að vaxtastigið á Íslandi er enn með hæsta móti neyðist samstæðan til að byrja með að vera áfram með einhvern hluta skulda (á bilinu 25-30%) í erlendri mynt svo samstæðan búi við viðunandi vaxtakjör. Verður gengið út frá vegnum vöxtum á bilinu 7,5-10% á lánstímanum en markmiðið er að skuldbreyta öllum skuldum félagsins yfir í íslenskar krónur samhliða lækkanði Reibor-vöxtum. Miðað við þær vaxtaspár sem fyrir liggja ættu lánin að vera komin að fullu yfir í íslenskar krónur í lok ársins 2009 eða á fyrri hluta ársins 2010. Myntsamsetning lánanna verður endurskoðuð á mánaðarfresti þar til þessu marki verður náð.

<sup>1</sup> Rétt er þó að geta þess, að ábyrgð Teymis vegna láns Hands Holding kemur ekki til með að falla að fullu á Teymi þar sem 1 milljarður króna mun sitja eftir í Hands Holding. Sjálfskuldarábyrgð Teymis vegna þess láns kemur til með að falla niður samfara staðfestingu nauðasamnings og mun Teymi því ekki verða í ábyrgð fyrir þeim 1 milljarði króna sem situr eftir.

Lán Og fjarskipta og Teymis verða bæði 5 ára lán með 15 ára niðurgreiðsluferli. Vaxtagreiðslur hefjast í byrjun árs 2010 en afborganir í byrjun árs 2011. Vegna mikillar óvissu um framvindu í íslensku efnahagslífi og þróun vaxta fela þessi greiðslukjör í sér verulegt svigrúm til greiðslu afborgana og vaxta. Aftur á móti er ljóst að gangi rekstraráætlanir Teymis eftir og þróun grunnvaxta verður með þeim hætti sem sérfræðingar bankanna spá fyrir um, kemur samstæðan til með að skapa umtalsvert handbært fé á tímabilinu. Vegna þessa verður ákvæði í lánasamningum Og fjarskipta og Teymis þar sem félögin skuldbindar sig til að nýta 50% af handbæru fé í lok árána 2010–2014 til niðurgreiðslu á lánum samstæðunnar (e. cash sweep).

#### **Skuldir Teymis vegna UT- félaga (sambankalán til Teymis):**

Samtals kemur lán til Teymis til með að nema 3.849 m.kr. eftir skuldbreytinguna. Um er að ræða sambankalán þar sem hlutur NBI mun nema 2.927 m.kr., hlutur Straums fjárfestingarbanka 684 m.kr. og hlutur Íslandsbanka 238 m.kr. Eftirfarandi tryggingar verða til tryggingar 3.849 m.kr.lánsfjárhæð:

- 100% handveð í hlutabréfum Skýrr, Kögunar, EJS, Eskils, Landsteina Strengs og HugarAx.
- 1. veðréttur í birgðum og kröfum Skýrr, EJS, Landsteina Strengs og HugarAx
- Þá mun félögunum verða gert að gangast undir veðsetningar- og skuldsetningarbann (e. negative pledge).

Komi til þess að Og fjarskipti verði selt út úr samstæðunni og á undan UT-félögunum mun sá hluti söluverðsins sem samsvarar andvirði hlutafjárins ganga til niðurgreiðslu þeirra skulda er njóta veðréttar í hlutafénu, en því næst til niðurgreiðslu á skuldum sambankalánsins. Er þetta háð því að NBI og hugsanlegur kaupandi Og fjarskipta nái samkomulagi um meðhöndlun á skuldum félagsins. Afgangur söluandvirðis hlutafjárins myndi að svo búnu renna til Teymis og geta greiðst til hluthafa sem arður, yrði slík ráðstöfun samþykkt af hálfu hluthafa og að öðrum skilyrðum laga uppfylltum.

Þær tryggingar vegna lána Og fjarskipta og þeirra lána sem hvíla munu á Teymi vegna UT-félaganna eru núverandi tryggingar veðhafa og eru veðhafar því ekki að bæta veðstöðu sína með gerningnum. Þá nema þær skuldir sem tryggðar verða með veðunum lægri fjárhæð en sem svarar til verðmæta þeirra skv. áætlun stjórnenda Teymis, sbr. umfjöllun undir tl. 6.3. hér á eftir.

Lán UT-félaganna eru í dag ýmist í erlendri mynt eða íslenskum krónum. Ofangreint sambankalán verður að fullu í íslenskum krónum.

#### **Skuldir Og fjarskipta:**

Vaxtaberandi skuldir Og fjarskipta munu nema um 9 milljörðum króna eftir nauðasamninginn. Vaxtaberandi skuldir umfram þá fjárhæð færast til móðurfélagsins og hljóta þar sömu meðferð og almennar kröfur. Með þessu móti verður efnahagsreikningur félagsins heilbrigðari og félagið því söluvænlegra ef til þess kæmi. Til tryggingar 9.000 m.kr. láni frá NBI verða eftirfarandi tryggingar:

- 100% handveð í hlutabréfum PF Kall og 42% handveð í hlutabréfum Og fjarskipta
- 1. veðréttur í helstu eignum félagsins. (Núverandi tryggingarbréf, e. General Bond)

- Sjálfskuldarábyrgð Teymis

Jafnframt mun hvíla á félaginu veðsetningar- og skuldsetningarbann.

Eins og í tilviki UT-félaganna er NBI ekki að bæta veðstöðu sína með ofangreindum gerningi þar sem um er að ræða núverandi tryggingar. Þá nema þær skuldir sem tryggðar verða með veðunum lægri fjárhæð en sem svarar til verðmæta þeirra skv. áætlun stjórnenda Teymis, sbr. umfjöllun undir tl. 6.3. hér á eftir.

Samsetning vaxtaberandi skulda Og fjarskipta er í dag með þeim hætti að um það bil helmingur skuldanna er í íslenskum krónum og helmingur í erlendri mynt. Í kjölfar nauðasamnings Teymis mun myntsamsetning Og fjarskipta hafa breyst á þann veg, að 74% eftirstæðra vaxtaberandi skulda munu vera í íslenskum krónum en einungis 26% í erlendri mynt. Er markmiðið er að skuldbreyta öllum skuldum félagsins yfir í íslenskrar krónur samhliða lækandi Reibor-vöxtum. Miðað við vaxtaspár íslensku bankanna ættu lánin að vera komin að fullu yfir í íslenskar krónur í lok árs 2009 eða fyrri hluta ársins 2010.

## 5. Framkvæmd/efndir nauðasamningsins

Nauðasamningsferli Teymis hf. er áætlað að taki 8-10 vikur frá því að beiðni um heimild til að leita nauðasamnings verður lögð fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur. Áður en til þess kemur, þarf a.m.k. 25% lánardrottna, hvort sem er með hliðsjón af fjölda þeirra eða kröfumagn, að mæla með því að tilraunin verði gerð. Vonast er til að nægjanlegur meðmælendafjöldi fáið fyrir 25. apríl 2009. Ef beiðnin verður tekin til greina af Héraðsdómi Reykjavíkur verður félaginu skipaður tilsjónarmaður, sem gætir hagsmuna lánardrottna. Hlutverk tilsjónarmannsins er aðallega að meta hvort samningsfrumvarpið er sanngjarnt með hliðsjón af aðstæðum öllum og hitt hvort einhverjar ráðstafanir orki tvímælis í rekstri félagsins sem sætt geti riftun. Fundur með þeim lánardrottnum sem óska að taka formlega afstöðu til nauðasamningsfrumvarpsins er áætlaður fyrri hluta júnímánaðar.

Nauðasamningsfrumvarpið gerir ráð fyrir að lánardrottinnar fái kröfur sínar greiddar að fullu með nýjum hlutum í Teymi hf., eftir að núverandi hlutafé félagsins hefur áður verið fært niður að fullu. Halda má því fram að við þær aðstæður dugi samþykki 60% lánardrottna, bæði hvað varðar höfðatölu og kröfumagn, til að nauðasamningsfrumvarpið teljist samþykkt. Einnig mætti halda því fram að eðlilegt væri að líta til raunverulegs verðmætis þeirrar greiðslu sem sem boðin er. Það verðmæti gæti t.d. endurspeglast í efnahag félagsins eftir samþykkt nauðasamningsfrumvarpsins, þ.e. eigin fé Teymis hf. Áætlanir gera ráð fyrir að eigið fé félagsins verði tæpir sex milljarðar eftir aðgerðina sem í nauðasamningfrumvarpinu felst. Miðað við þá forsendu væri nauðsynlegt samþykkis hlutfall lánardrottna er á bilinu 75-80%. Ljóst er því að verulegur fjöldi lánardrottna þarf að fylgja hér málum til að samþykkið gangi eftir. Er það ekki óeðlilegt enda umbreytingin umfangsmikil. Á endanum verður það hlutverk tilsjónarmanns að taka ákvörðun um hvaða samþykkishlutfall er nauðsynlegt, en sú ákvörðun getur sætt endurskoðun héraðsdóms.

Gangi samþykkt frumvarpsins eftir á Héraðsdómur Reykjavíkur eftir að staðfesta nauðasamninginn formlega. Sú aðgerð tekur a.m.k. tvær vikur. Þegar sú staðfesting liggur fyrir, skapast forsendur til þess að efna nauðasamninginn, með því að haldinn verður formlegur hluthafafundur í Teymi hf., þar sem stjórn er veitt heimild til þess að auka hlutafé þess til að standa við nauðasamninginn. Miðað er við að hægt verði að afhenda hina nýju hluti ekki síðar en átta vikum frá formlegri staðfestingu nauðasamningsins. Hægt verður að ganga frá hlutafjárhækkun til þeirra lánardrottna sem lýsa kröfum við umfjöllun nauðasamningsfrumvarpsins strax eftir samþykkt tillögunnar um hækkun hlutafjár.

Gert verður upp á sama tíma við lánardrottna með þekktar kröfur á hendur félaginu. Gagnvart öðrum, þá verður gefin út sérstök innköllun, þar sem skorað verður á aðra lánardrottna, eða aðila sem eiga kröfur sem Teymi hf. ber ábyrgð á, að lýsa þeim innan tilgreinds frests. Farið verður yfir þær kröfulýsingar sem berast og gefið út nýtt hlutafé vegna þeirra sem samþykktar verða, í sumum tilvilkum gegn framsali kröfu þeirrar til Teymis hf. sem félagið ber ábyrgð á. Jafnframt verður tryggt að að stjórn Teymis hf. hafi nægjanlegar heimildir til að hækka hlutafé til að mæta þeim kröfum sem síðar kunna að berast. Athygli er þó vakin á því að uppgjör samkvæmt síðbörnum kröfum verður á sama grundvelli og annarra þótt seint berist, og miðast útreikningur þeirra við þann dag sem heimild til nauðasamningsumleitanna er samþykkt. Miðað við framangreint, þá er hugsanlegt að nýtt hlutafé verði skráð í þremur þrepum. Hins vegar er stefnt að því að halda hluthafafund í Teymi hf. með nýjum hluthöfum, þar sem stjórnarkjör fer fram, eigi síðar en 15. september 2009.

## 6. Staða Teymis hf. að loknum nauðasamningi

### 6.1. Fjárhagsstaða Teymis að loknum nauðasamningi

Í töflunni hér að neðan má sjá áætlaðan efnahagsreikning einstakra félaga og samstæðunnar í ársbyrjun 2009, m.v. að nauðasamningsleitanir þessar hafi gengið eftir:

<b>Efnahagsreikningur 31.12.2008</b>	<b>Teymi samstæða</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir	6.174
Óefnislegar eignir	11.366
Aðrir fastafjármunir	<u>1.990</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>19.530</b>
Birgðir	481
Skammtímakröfur	4.631
Handbært fé	<u>274</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>5.386</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>24.916</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>5.771</b>
Vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir	13.564
Aðrar skammtímaskuldir	<u>5.580</u>
<b>Skuldir samtals</b>	<b>19.145</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>24.916</b>

Eiginfjárhlutfall samstæðunnar mun nema 23,2%, vaxtaberandi skuldir 13,6 milljörðum króna sem samsvarar 4,6\*EBITDA áætlun ársins 2009. Samkvæmt fyrirhuguðum skilmálum lánasamninga hefjast vaxtagreiðslur vegna lánanna árinu 2010 og afborganir af vaxtaberandi lánum hefjist á árinu 2011. Það er mat stjórnenda Teymis að slík skuldsetning sé vel viðráðanleg miðað við væntingar um lækkandi Reibor vexti.

### 6.2. Áætlaður rekstur Teymis að loknum nauðasamningi

Hér að neðan gefur að líta á áætlanir stjórnenda Teymis fyrir árin 2009-2011 m.v. að nauðasamningurinn gangi í gegn. Helstu forsendur áætlunarinnar eru eftirfarandi:

- Tekjur samstæðunnar dragast saman um tæplega 7% milli árana 2008 og 2009
- Tekjur samstæðunnar vaxa um tæplega 4% milli árana 2009 og 2010 og um 6,5% milli árana 2010 og 2011

- Tekjuþróun tekur mið af efnahagsástandi og gert er ráð fyrir því að hægur bati hefjist í ytra umhverfi seinni hluta næsta árs
- EBITDA hlutfall ársins 2009 verði tæplega 13%, tæp 16% á árinu 2010 og rúmlega 18% á árinu 2011
- Sjóðstreymi samstæðunnar verður áfram sterkt og veltufjárbinding sem hlutfall af EBITDA afkomu verður 5% á árunum 2009 og 2010 en lækkar svo í 4% á árinu 2011
- Vextir af vaxtaberandi skuldum verða að meðaltali 8% (vegnir meðalvextir) fyrir árið 2009 en þar er miðað við að félagið greiði vexti frá og með miðju ári þegar nauðasamningurinn hefur gengið í gegn. Vegnir meðalvextir verði svo 7,5% á árunum 2010 og 2011 og er þá gert ráð fyrir því að stýrivextir verði komnir niður í 5%, og langstærstur hluti fjármögnunar verði kominn yfir í íslenskar krónur eins og áður hefur komið fram.
- Ekki er tekið tillit til ákvæðna lánasamninga um ráðstöfun handbærs fjár (e. cash sweep) eða hugsanlegrar arðgreiðslustefnu í meðfylgjandi töflum

## Áætlaður rekstur 2009-2011:

Áætlun 2009 - í m.kr.	Rekstur			Teymi samstæða
	Fjarskipti	UT	Jöfnun	
Tekjur	13.802	9.617	-419	23.000
EBITDA	2.353	810	-224	2.939
Afskriftir				-1.806
EBIT				1.133
Fjármagnsliðir, nettó				-1.028
Tekjuskattur				-15
Afkoma				<b>90</b>
EBITDA %	17,0%	8,4%		12,8%
Áætlun 2010 - í m.kr.	Rekstur			Teymi samstæða
	Fjarskipti	UT	Jöfnun	
Tekjur	13.964	11.400	-1.544	23.820
EBITDA	2.854	1.050	-125	3.779
Afskriftir				-1.807
EBIT				1.972
Fjármagnsliðir, nettó				-1.046
Tekjuskattur				-140
Afkoma				<b>786</b>
EBITDA %	20,4%	9,2%		15,9%
Áætlun 2011 - í m.kr.	Rekstur			Teymi samstæða
	Fjarskipti	UT	Jöfnun	
Tekjur	14.999	11.890	-1.530	25.359
EBITDA	3.431	1.315	-75	4.671
Afskriftir			-1.787	-1.787
EBIT				2.884
Fjármagnsliðir, nettó				-963
Tekjuskattur				-288
Afkoma				<b>1.633</b>
EBITDA %	22,9%	11,1%		18,4%

## Áætlaður efnahagur og sjóðsstreymi í árslok 2009-2011:

Efnahagsreikningur í lok árs - samstæða			
	2009	2010	2011
Varanlegir rekstrarfjármunir	5.577	5.120	4.833
Óefnislegar eignir	11.365	11.365	11.365
Aðrir fastafjármunir	1.975	1.835	1.547
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>18.917</b>	<b>18.320</b>	<b>17.745</b>
Birgðir	481	481	481
Skammtímakröfur	4.776	4.963	5.150
Handbært fé	1.839	2.945	3.923
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>7.096</b>	<b>8.389</b>	<b>9.554</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>26.013</b>	<b>26.709</b>	<b>27.299</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>5.862</b>	<b>6.648</b>	<b>8.281</b>
Langtímaskuldir	14.486	13.443	12.400
Næsta árs afborganir langtímaskulda	90	1.043	1.043
Aðrar skammtímaskuldir	5.575	5.575	5.575
<b>Skuldir samtals</b>	<b>20.151</b>	<b>20.061</b>	<b>19.018</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>26.013</b>	<b>26.709</b>	<b>27.299</b>
<b>Eiginfjárhlutfall</b>	<b>22,5%</b>	<b>24,9%</b>	<b>30,3%</b>
<b>Veltufjárhlutfall</b>	<b>1,25</b>	<b>1,27</b>	<b>1,44</b>
<b>Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA</b>	<b>4,33</b>	<b>3,05</b>	<b>2,04</b>

Sjóðstreymi - samstæða			
	2009	2010	2011
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	2.793	3.592	4.484
Innheimtar vaxtatekjur	60	60	60
Greiddir vextir	12	-1.106	-1.023
Greiddir skattar	0	0	0
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>2.865</b>	<b>2.546</b>	<b>3.521</b>
Fjárfestingarhreyfingar	-1.210	-1.350	-1.500
Fjármögnunahreyfingar	-89	-90	-1.043
Breyting á handbæru fé	<b>1.566</b>	<b>1.106</b>	<b>978</b>
Gengismunur			
Handbært fé frá fyrra tímabili	<b>273</b>	<b>1.839</b>	<b>2.945</b>
Handbært fé í lok tímabilsins	<b>1.839</b>	<b>2.945</b>	<b>3.923</b>

Gert er ráð fyrir því að hagur félagsins muni vænkast á komandi misserum vegna sterks undirliggjandi rekstrar og sjóðstreymis, minni skuldsetningar og vaxtabyrði. Óvissa í ytra umhverfi getur þó sett strik í þann reikning.

### 6.3. Verðmæti dótturfélaga Teymis

Eignir Teymis hf. eru eingöngu eignarhlutir í dótturfélögum. Miðað við núverandi aðstæður á fjármálamörkuðum er verulegum vandkvæðum bundið að reikna út verðmæti fyrirtækja og eru dótturfélög Teymis þar engin undantekning. Stjórnendur Teymis hafa þó nálgast áætlað verðmæti dótturfélaganna og er

niðurstaðan sú að heildarverðmæti félaganna (e. enterprise value) liggja á bilinu 15,8 til 19,2 milljarða króna m.v. febrúarlök 2009 að því gefnu að nauðasamningur Teymis gangi eftir. Horft var til verðmats samkvæmt EV/EBITDA margfaldara annars vegar og verðmats samkvæmt sjóðstreymisgreiningu hins vegar.

EV/EBITDA margfaldarar er hugtak þar sem EBITDA stendur fyrir hagnað fyrir nettó fjármagnsgjöld, reiknaðar afskriftir og skatta. EV/EBITDA margfaldarar þykja gefa vísbendingu um verðlagningu fyrirtækja á virkum hlutabréfamörkuðum. Við mat á heildarverðmæti félaganna nú (e. enterprise value) er hér miðað við margfaldarann fimm sem sögulega er í lægri mörkum. Vegna aðstæðna í efnhagsumhverfi á Íslandi er þó veruleg óvissa um að það söluverð fengist ef reynd væri sala einstakra eigna.

Sjóðstreymisverðmat tekur mið af áætluðu sjóðstreymi dótturfélaganna næstu fimm árin miðað við eftirfarandi forsendur:

#### Tekjur og vöxtur tekna

Við matið er gert ráð fyrir að tekjur standi í stað milli árána 2009 og 2010 en að á árunum 2011 og 2012 verði meðalvöxtur um 6,5-8%. Frá árinu 2013 er síðan í verðmatinu gert ráð fyrir 2,5% vexti tekna sem stjórnendur Teymis telja mjög varfærið með hliðsjón af spám um hagvöxt, verðbólgu o.s.frv.

#### EBITDA og EBITDA hlutfall

Gert er ráð fyrir að EBITDA hlutfall samstæðunnar hækki milli árána 2009 og 2010 úr 12,8% í 15,9% vegna fyrirhugaðra hagræðingaraðgerða. Eftir það er gert ráð fyrir því að EBITDA hlutfall leiti jafnt og þétt í átt að 20% á árinu 2013. Miðað við sögulegan rekstrarárangur félagsins verða þessar forsendur að teljast hógværar.

#### Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum og veltufé

Gert er ráð fyrir því að fjárfestingar dragist saman milli árána 2008 og 2009 en standi svo í stað sem ákveðið hlutfall af veltu eftir það.

#### Samsetningu efnhagsreiknings félagsins og undirliggjandi dótturfélaga

Miðað er við að eiginfjárhlutfall dótturfélaganna sé sem næst 25% að lokinni fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins.

#### Veginni ávöxtunarkröfu (e. WACC, Weighted Average Cost of Capital)

Ávöxtunarkrafa (WACC) til íslensku félaganna er reiknuð 18,2% á árinu 2009, 14,6% árið 2010 og 13,5% eftir það. Eiginfjárfrafan í útreikningnum er 25% öll árin en lánsfjárfrafan á bilinu 10-18% sem telja má í hærra lagi. Ávöxtunarkrafan til færeyska félagsins er 13,5% sem samanstendur af lánsfjárfrafu 10% og eiginfjárfrafu

## 7. Stefna og áherslur í kjölfar nauðasamnings

Teymi hf. er móðurfélag 9 fyrirtækja með rúmlega 1.000 starfsmenn. Hlutverk Teymis hefur verið rekstrarlegt t.d. að veita rekstrarlegt aðhald, lögfræðiráðgjöf, tryggja að fjármögnun sé með sem hagkvæmustum hætti og að skattalegt hagræði nýtist félögunum, auk þess að sjá um samstæðuuppgjör o.s.frv. Auk þessa hefur Teymi annast ýmis sameiginleg samskipti og upplýsingagjöf út á við s.s. við Kauphöll Íslands ofl. Hjá móðurfélagi samstæðunnar, Teymi, starfa 8 starfsmenn og er yfirbygging félagsins í lágmarki. Eftir nauðasamningana verður samstæða Teymis til að byrja með rekin í óbreyttri mynd en leitast verður við að ná svo fljótt sem auðið er enn frekari hagræðingu og lækka rekstrarkostnað.

Gert er ráð fyrir að ný stjórn félagsins, stjórnendur þess og dótturfélaganna muni þegar og án tafar ráðast í stefnumótunavinnu fyrir framtíðarsýn félagsins og samstæðunnar í heild og að niðurstöðu þeirrar vinnu verði kynnt hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum svo fljótt sem auðið er. Í því sambandi mun verða skoðað með hvaða hætti hag allra hagsmunaaðila verði best borgið til lengri tíma litið en í því felst að skoða þarf hlutverk móðurfélagsins, uppbyggingu samstæðunnar að öðru leyti og einstakra eininga innan hennar, mögulegt aukið samstarf eða mögulega samruna einstakra fyrirtækja og samþættingu á ýmsum rekstrarþáttum.

Í þessu sambandi er til þess horft að skoðað verði með mögulega sölu félagsins eða einstakra hluta þess. Í því sambandi þarf að skoða hvort til álita komi að fyrirtækið, eða einstök dótturfélög þess, verði á einhverjum tímamarki skráð á skipulegan hlutabréfamarkað. Innan Teymis eru mörg þekkt og sterk fyrirtæki með góð vörumerki og í kjölfar hagræðingaraðgerða má búast við að félög þessi muni mynda sterka og verðmæta heild sem eigi fullt erindi in á verðbréfamarkað. Með þessu myndi skapast farvegur fyrir tilvonandi hluthafa Teymis til að fá fullnustu krafna sinna á hendur Teymi hvort heldur sem það er í gegnum sölu á eignarhlut eða áframhaldandi hlutafjáreign. Slíkar ráðstafnir munu þó einungis fara fram gegn söluverði sem endurspeglar raunverulegt virði félaganna með hliðsjón af framtíðarhorfum þeirra en einungis á þann hátt verða hagsmunir hluthafa félagsins tryggðir með fullnægjandi hætti. Í þessu sambandi er þó nauðsynlegt að hafa í huga að aðstæður í íslenska efnahagsumhverfinu eru ekki hagfeldar fyrir mögulega sölu á einstökum einingum um þessar mundir.

## 8. Samsetning hluthafahóps

Gangi tillögur um nauðasamning eftir má gera ráð fyrir að hluthafasamsetning félagsins verði sem hér segir.

	v/lána	v/skbr.fl.	v/HH	v/ísl. afpr.	Samtals	%
NBI	12.133	0	4.357	0	16.490	<b>57,2%</b>
Straumur	2.235	0		0	2.235	<b>7,8%</b>
Íslandsbanki	591	0		0	591	<b>2,1%</b>
Aðrir		6.576		2.917	9.493	<b>33,0%</b>
	<b>14.959</b>	<b>6.576</b>	<b>4.357</b>	<b>2.917</b>	<b>28.809</b>	<b>100%</b>

Hér er gert ráð fyrir að allir þekktir kröfuhafar lýsi kröfum sínum sem hluta nauðasamningsferlisins og verði þannig hluthafar félagsins frá upphafi. Frávik frá þessari forsendu munu hafa áhrif á samsetningu hluthafahópsins strax að loknu nauðasamningsferlinu.

## 9. Minnihlutavernd

NBI, sem væntanlegur stærsti hluthafi félagsins gangi nauðasamningurinn eftir, hefur gengist undir að bjóða öðrum hluthöfum að gerast aðilar að hluthafasamkomulagi sem taki á helstu atriðum sem snerta hagsmuni hluthafanna. Vilji NBI til að gera slíkt samkomulag mun verða með fyrirvara um að aðild a.m.k. 90% hlutafa fái að samkomulaginu.

Gert er ráð fyrir að samkomulagið fjalli um eftirfarandi:

- NBI mun veita aðilum samkomulagsins rétt til að selja hlutabréf sín hlutfallslega samhliða og á sömu kjörum og NBI (e. tag-along ) komi til þess að NBI selji ráðandi hlut til ótengds þriðja aðila. Í þessu sambandi er ráðandi hlutur sem skilgreindur sem 50% hlutafjár eða meira.
- NBI mun að sama skapi fá rétt sem heimilar NBI að krefjast þess að aðilar samkomulagsins selji hluti sína hlutfallslega á sömu kjörum þeim ótengda þriðja aðila sem NBI hyggst selja ráðandi hlut (e. drag-along). Í þessu sambandi er ráðandi hlutur sem skilgreindur sem 50% hlutafjár eða meira.
- NBI mun beita sér fyrir því að eftirfarandi atriðum í samþykktum félagsins verði ekki breytt nema að tillaga þessa efnis hljóti samþykki minnst 75% greiddra atkvæða á þeim fundi hluthafa þar sem hún er til afgreiðslu:
  - Breyting á tilgangi og/eða starfsemi félagsins
  - Breytingar sem hafi það í för með sér að raska jafnræði hlutafa, þ.m.t. skipting hlutafjár í flokka með nánar tilgreindum réttindum.
  - Ákvörðun um samruna félags.
  - Ákvörðun um að slíta félagi.
  - Samþykkt hluthafafundar um að hluthafar falli frá forkaupsrétti að nýju hlutafé.

Samþykkishlutfall þetta skal lækka % fyrir % samhliða sölu NBI á hlutum til ótengdra þriðja aðila uns lögbundnu samþykkishlutfalli vegna breytinga á samþykktum félaga skv hlutafélagalögum nr. 2/1995 er náð.

- NBI mun beita sér fyrir því að óráðstöfuðu eigin fé félagsins verði varið til arðgreiðslna að því marki sem heimilt er skv. lögum en þó að teknu tilliti til eðlilegrar fjárfestingarþarfar félagsins og að því marki sem heimilt er skv. lánasamningum félagsins.

- Hluthafasamkomulagið skal falla niður þegar eignarhlutur NBI fer undir 50%.